

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Frostaskjól 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 13. febrúar 2013, breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis KR vegna lóðar númer 2 við Frostaskjól.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.  
Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kvistaland 17-23.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 8. febrúar 2013, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, svæði 3, vegna lóðarinnar nr. 17-23 við Kvistaland. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit við suðaustur horn hússins á lóð nr. 19 við Kvistaland.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 14. febrúar 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2013